



Yfirlýsing varðandi neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (e. Principal Adverse Impact on sustainability factors, PAI) (gr. 4 í SFDR)

Upplýsingar um samþættingu sjálfbærniáhættu í ákvarðanatökufurli fjárfestinga, sbr. ákvæði laga nr. 25/2023, sbr. reglugerð ESB nr. 2019/2088, um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

SFDR reglugerðinni er ætlað að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði, þar með talið lífeyrissjóðir, meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti við fjárfestingarákvarðanir. Áhætta tengd sjálfbærni er skilgreindur atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarhátta sem gæti, ef hann raungerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingar, sbr. 22. tölulið, 2. gr. SFDR. Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Samhengi fjármálagerninga LV, starfsemi útgefenda þeirra og sjálfbærni

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) fjárfestir í hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum fjármálagerningum útgefnum af fyrirtækjum, opinberum aðilum og öðrum aðilum. Starfsemi þessara útgefenda hefur óhjákvæmilega áhrif á sjálfbærni sem varða fjárhagslega þætti, umhverfisþætti og félagslega þætti og stjórnarhætti í eignasöfnum LV. Áhrifin geta verið neikvæð og/eða jákvæð.

SFDR gerir ráð fyrir að fjárfestar birti upplýsingar samkvæmt sjálfbærnivísun (e. Principal Adverse Impact on sustainability factors, PAI). Með því skal mæla og veita upplýsingar um það hvernig fyrirtæki og aðrir útgefendur fjármálagerninga í eignasafni fjárfestis hafa neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti. Sjálfbærnivísarnir snúa að UFS-þáttum¹, auk virðingar fyrir mannréttindum og vörnum gegn spillingu og mútum.

Neikvæð áhrif og markmið LV

SFDR mælir meðal annars fyrir um að framleiðendur fjármálaafurða, þar með talið lífeyrissjóðir, gefi upp hvort, og ef svo er hvernig, fjármálaafurðir og fjárfestingarákvarðanir þeirra taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærni. Með reglum útgefnum af Seðlabanka Íslands 30. ágúst 2024, nr. 1023/2024 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu, voru innleiddar í íslenskan rétt framseldar reglugerðir ESB nr. 2022/1288² og reglugerð sem varðar breytingu á henni nr. 2023/363³. Gildistaka reglnanna var 1. desember 2024.

Í reglum þessum kemur fram að ákvæði 4. til 10. gr. og 12 gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnar (ESB) 2022/1288 (PAI) gildi um lífeyrissjóði sem bjóða upp á lágmarkstryggingavernd í skilningi laga um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða,

1 Umhverfisþættir, félagsþættir og stjórnarhættir

2 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1288 frá 6. apríl 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“, tilgreina efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinganna í tengslum við sjálfbærnivísa og neikvæð áhrif á sjálfbærni og efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra eiginleika og sjálfbær fjárfestingarmarkmið í skjölum áður en samningur er gerður, á vefsíðum og í reglubundnum skýrslum.

3 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/363 frá 31. október 2022 um breytingu og leiðréttingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2022/1288 að því er varðar efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við upplýsingagjöf í skjölum áður en samningur er gerður og reglubundnum skýrslum fyrir fjármálaafurðir sem fjárfesta í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi.



þegar þeir birta upplýsingar skv. 3.-5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 1. gr. laga nr. 25/2023.

Innleiðing LV. Lífeyrissjóðurinn tekur enn sem komið er ekki að fullu tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti í skilningi 4. gr. SFDR og undirreglugerðar þeirrar reglugerðar, svokallaða PAI mælikvarða en sú vinna er hafin.

Samhliða þeirri vinnu birtir LV upplýsingar um neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti (PAI) í samræmi við Viðauka I í framseldu reglugerðinni í fyrsta sinn í júní 2025 vegna ársins 2024 fyrir hluta eignasafna. Í fyrstu útgáfu verða einungis birtar upplýsingar um neikvæð áhrif innlenda hluta eignasafnsins sem SFDR reglugerðin nær til. Stefnt er að því að birta upplýsingar um neikvæð áhrif fjárfestinga fyrir fleiri eignaflokka í næstu útgáfu. Birting og greining veltur m.a. á gæðum og fánleika gagna.

LV stefnir að því marki að taka að fullu tillit til neikvæðra áhrifa við fjárfestingarákvarðanir á sjálfbærniþætti og birta upplýsingar þar um í samræmi við SFDR í júní 2027 þannig að upplýsingagjöf það ár vegna ársins 2026 verði í samræmi við reglugerðina og framselda reglugerð. Fyrirvari er gerður um fánleika og gæði gagna.

[Til frekari upplýsinga er bent á eftirfarandi:](#)

LV gaf út stefnu um ábyrgar fjárfestingar 2021. Innleiðingu hennar lauk í ársbyrjun 2024. LV tekur m.a. tillit til sjálfbærniþátta þegar fjárfestingarkostir eru metnir og safnar jafnframt og greinir sjálfbærniþætti um útgefendur og útgáfur fjármálagerninga. Gagna er aflað beint frá útgefendum og frá ýmsum gagnaveitum. Greiningar þessar snúa m.a. að losun útgefenda fjármálagerninga á gróðurhúsalofttegundum og mati á því hvar þau standa meðal samanburðarfélaga. Gagnasöfnun nær m.a. til svokallaðra PAI mælikvarða, mælikvarða sem sýna neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti. Ljóst er að útgefendur fjármálagerninga eru komnir mislangt í upplýsingagjöf og gæði gagna í samræmi við það. LV mun áfram leggja áherslu á að greina sjálfbærniþætti í fjárfestingarferli og eignasöfnum sjóðsins og beita sér fyrir því að útgefendur vinni að því að tryggja góða upplýsingagjöf í samræmi við lög og reglur um sjálfbærniupplýsingar.

[Um ábyrgar fjárfestingar og yfirlit yfir stefnur LV sem lúta að meðferð sjálfbærnitengdri áhættu í eignasöfnum:](#)

Markmið LV er að hámarka langtímaávöxtun eignasafna sjóðsins að teknu tilliti til áhættu í þágu hagsmuna sjóðfélaga. LV telur það styðja við ábyrga langtímaávöxtun að fjárfesta í fjármálagerningum sem gefnir eru út af fyrirtækjum, opinberum aðilum og öðrum útgefendum sem byggja starfsemi sína á sjálfbærum grundvelli. Því telur LV æskilegt að eignasöfn sjóðsins samanstandi af fjármálagerningum útgefenda sem viðhafa góða stjórnarhætti og byggja á viðskiptalíkönum þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra verðmætasköpun.

Því til stuðnings hefur LV sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar þar sem fjárfestingarkostir og stýring eignasafna LV byggir á sjálfbærnisjónarmiðum með greiningu umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar.

Meginmarkmið stefnunnar er að auka áherslu á sjálfbærar fjárfestingar og samþætta aðferðafræði ábyrga fjárfestinga við eignastýringu. Í því felst m.a. að:

- leggja áherslu á fjárfestingarkosti sem styðja við ábyrga langtímaávöxtun að teknu tilliti til áhættu
- hafa uppbyggileg og virðisaukandi áhrif á útgefendur fjármálagerninga sem fjárfest er í,



- greina og sneiða hjá atvinnugreinum og fyrirtækjum sem LV vill ekki sækja ávöxtun til vegna eðli atvinnugreinar eða rekstrar viðkomandi fyrirtækis
- styðja við virka og árangursríka áhættustýringu.

Eftirfarandi stefnur LV varða einnig með einum eða öðrum hætti meðferð sjálfbærniáhættu í eignasöfnum og áherslu á ábyrgar fjárfestingar:

- a) Stefna um ábyrgar fjárfestingar
- b) Útilokun fjárfestingarkosta
- c) Fjárfestingarstefna
- d) Hluthafastefna
- e) Áhættustefna og áhættustýringarstefna

Dæmi um samstarf sem LV tekur þátt í til að styðja við innleiðingu á verklagi varðandi ábyrgar fjárfestingar og stýringu áhættu tengdri sjálfbærni í eignasöfnum LV:

- b) Festa – miðstöð um sjálfbærni
- c) IcelandSIF
- d) PRI – Principles for Responsible Investment

Breytingaskrá

Dagsetning	Útgáfa	Athugasemdir/breytingar
22. júní 2023	1.0	LV tekur enn sem komið er ekki tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti í skilningi 4. gr. SFDR og undirreglugerð þeirrar reglugerðar, sbr. PAI. Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir þeim aðgerðum og greiningum sem LV vinnur þegar eftir og varða sjálfbærniáhættu í eignasöfnum.
27. júní 2025	2.0	LV tekur enn sem komið er ekki að fullu tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti í skilningi 4. gr. SFDR og undirreglugerð þeirrar reglugerðar, sbr. PAI. Í þessari útgáfu er gerð grein fyrir því með hvaða hætti LV vinnur að innleiðingu framseldrar reglugerðar ESB nr. 2022/1288, með síðari breytingum (PAI gerðin) og í hvaða skrefum sjóðurinn hyggst birta upplýsingar um neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti.